Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 19. október 2020

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Bergrún Óladóttir, Katrín Þrastardóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Möller og Björg Baldursdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur
3. Skipta með sér verkum þ.e. formaður, ritari, gjaldkeri, röltfulltrúi, fjölmiðla/samskiptafulltrúi, jólaföndursfulltrúi, vorhátíðarfulltrúi, SAMKÓPs fulltrúi og skólaráðsfulltrúi
4. Gjaldkeraskipti
5. Fjárhagsstaða - félagsgjöld skólaárið 2020-2021
6. Foreldrarölt – fram á sumar/rölt vesti
7. Fræðsla, tillaga frá foreldri varðandi tölvunotkun barna, rafrænn útivistartími og kynfræðsla
8. Skólastarf í COVID og hvernig COVID áhætta er takmörkuð.
9. Hrekkjavaka, vakin var athygli foreldrafélagsins á hugmynd annars foreldrafélags sem mun kaupa sælgæti og veitingar úr bakaríi sem verður dreift til bekkja. Skólinn sér svo um hrekkjavökuveislu í bekkjunum. Getur foreldrafélagið gert eitthvað slíkt eða annað í samráði við skólann í kringum hrekkjavökuna?
10. Staða byggingar nýs skólahúsnæðis og mötuneytismál
11. Bekkjarfulltrúafræðsla
12. Skýli fyrir hjól/hlaupahjól
13. Tímalengd í hádegismat

<u>Niðurstaða</u>

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.

2. Fórum yfir ársreikninginn og samþykktum.

3. Stjórnarmeðlimir skiptu með sér eftirfarandi verkum:
    - Formaður – Annar Rós
    - Gjaldkeri – Stefanía
    - Ritari – Helga Guðný
    - Samskipta og fjölmiðlafulltrúi – Sigríður Þrúður
    - Jólaföndursfulltrúi – Jóhannes
    - Vorhátíðarfulltrúi – Aðalsteinn
    - Skólaráðsfulltrúi – Eva Sjöfn Helgadóttir **kosin á aðalfundi**
    - Skólaráðsfulltrúi – Aðalsteinn kosinn á fundi stjórnar foreldrafélagsins og Sigríður Þrúður varamaður bæði fyrir Evu og Aðalstein
    - Samkópsfulltrúi – Ragna Finnbogadóttir

4. Stefanía tekur að sér gjaldkerastöðuna, við þökkum Signýju Skúladóttur fyrir hennar framlag til foreldrafélagsins.

5. Farið var yfir fjárhagsstöðu og hún lítur vel út. Félagsgjöld fyrir skólaárið 2020-2021 verður skoðað.

6. Foreldraröltið er farið af stað og gengur vel, hinsvegar vantar röltstjóra.

7. Hvað varðar fræðslu þá ætlum við að sjá hvað Kársnesskóli, Samkóp og Kópavogsbær ætla að bjóða upp á í vetur. Skólinn hefur verið að bjóða upp á flotta fyrirlestra og við hvetjum foreldra til að fylgjast með hvað er í boði. Tekið var vel í tillögurnar um „tölvunotkun barna, rafrænan útivistartíma og kynfræðslu“.

8. Skólastarf hefur gengið nokkuð vel miða við aðstæður. Flest börn hafa farið reglulega í skólann og mikil heppni að hafa „Hallirnar“ með sér inngang fyrir hvern bekk.

9. Foreldrafélagið ætlar að kanna málið í samstarfi við skólann.

10. Aðalsteinn ætlar að kanna stöðu nýs skóla á næsta skólaráðsfundi.

11. Umræður fóru fram hvort ætti að halda bekkjarfulltrúafræðslu í ár en vegna sérstakra aðstæðna í tengslum við Covid verður því frestað.

12. Ábendingar hafa borist um að mikilvægt væri að hafa skýli fyrir bæði hjól og rafmagnshjól. Skólastjóri telur að það sé mögulega hægt að setja upp skýli við bæði nýja skólann og gamla skólann þegar nýr skóli verður tilbúinn og formlega tekinn í notkun.

13. fjölmargar ábendingar hafa borist varðandi tímalengd hádegismats og hávaða sem myndast í matsal. Aðalsteinn tekur málið áfram í skólaráði og kannar hvort hægt sé að bæta við borðum í matsal og hvort hægt sé að gera eitthvað varðandi hljóðvist.

    Fundi slitið.